

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1979

24. janúar 1979.

7

Nr. 5

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 31. mars 1979, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á 7 sjómílna breiðu svæði utan við línu, sem dregin er úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V, vestur og norður um í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrang í punkt 64°04'9 N, 23°45'0 V og þaðan í 270° réttvísandi. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er 213° réttvísandi úr punkti 63°33'7 N, 23°03'0 V.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. febrúar til 15. maí 1979 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan síðan um eftirgreinda punkta:

- A. 64°04'9 N, 23°45'0 V
- B. 64°04'9 N, 23°42'0 V
- C. 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvísandi.

3. gr.

Á tímabilinu 20. mars til 15. maí 1979, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- A. 63°00'0 N, 22°00'0 V
- B. 63°25'3 N, 22°00'0 V
- C. 63°33'7 N, 23°03'0 V.

4. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 391 16. nóvember 1978, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.